

Fundargerð. ***Stjórnarfundur nr. 42.***

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík fimmtudaginn 30. desember 2010 kl:14:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson. Einnig sátu fundinn Fannar J. Viggósson starfsmaður Norðurá bs og Margeir Friðriksson fjármálastjóri.

Dagskrá

1. Staða framkvæmda við mannvirki.
2. Formleg opnun Stekkjarvíkur.
3. Rekstur urðunarstaðar.
4. Samningur um skrifstofuþjónustu.
5. Önnur mál.

1. Staða framkvæmda við mannvirki.

Lokaúttekt hefur farið fram á urðunarhólfi, aðstöðuhúsi og aðkomuvegi. Þá er eftir að ganga frá utanhúsmálningu á aðstöðuhúsi, malbika planið og setja upp lýsingu ásamt því að klára girðingu í kringum svæðið. Kristinn Magnússon hjá Verkfræðistofu Norðurlands vinnur að lokauppgjöri einstakra verka á því sem boðið var út.


2. Formleg opnun urðunarstaðarins í Stekkjarvík.

Fannar Viggósson er kominn til starfa og vinnur nú að ýmsum undirbúningi vegna opnunar staðarins. Ákveðið að taka staðinn formlega í notkun föstudaginn 7. Janúar kl: 14:00 og bjóða þá fulltrúum sveitarfélaganna og þeim sem komið hafa að hönnun og gerð staðarins til víslu og kynningar. Magnúsi falið að senda út póst til þeirra sem boðaðir verða til opnunar.

3. Rekstur urðunarstaðarins.

Fannar gerði grein fyrir kynnisferð og fundi sem hann átti með forsvarmönnum urðunarstaðarins í Fíflholtum í Borgafirði. Rætt um fyrirkomulag á skráningu við móttöku á sorpi og reikningagerð um mánaðarmót. Ákveðið að kaupa áfram þjónustu frá Sveitarfélaginu Skagafirði við bókhald og reikningagerð fyrir Norðurá samkvæmt tímaskráningu og gjaldi. Til lengri tíma er samt ætlunin að opna gátt inn í bókhaldskerfið þannig að starfsmaður Norðurár geti sjálfur skráð reikninga inn í kerfið.

Í upphafi verður gengið út frá að urðunarstaðurinn verði opinn frá kl: 8:00 til 16:00, 5 daga vikunnar. Ekki er ætlast til að einstaklingar séu að koma með litlar einingar af sorpi til urðunar og var ákveðið að setja fast 2.000 króna gjald á sendingar sem eru minni en 200 kg en þannig á að stýra minni aðilum á sameiginlegar sorpmóttökustöðvar. Eingöngu er ætlast



til að fulltrúar móttökustöðva komi með úrgang til losunnar og/eða aðrir stórir aðilar sem þurfa að losna við úrgang. Flutningsaðili er ábyrgur fyrir þeim úrgangi sem hann kemur með og verður að gera grein fyrir innihaldi hans samkvæmt auglýstu flokkunarkerfi. Einnig er flutningsaðili ábyrgur fyrir greiðslu fyrir urðun.

4. Önnur mál

Fannar gerði grein fyrir samningi sem búið er að gera við Olís um kaup á olíu og öðrum vörum sem þarf til reksturs véla.

Samþykkt var að kaupa tvo gáma til að geyma í þann dúk sem Norðurá bs. á og ýmsar rekstarvörur sem ekki þola að standa úti.

Samþykkt voru kaup á notuðum Mitsubishi pallbíl, árgerð 2005 fyrir Norðurá bs.

Fundi slitið kl. 17:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Vignir Kjartansson

Eiður Guðmundsson